

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

SHERLOCK HOLMES FORSÝNING	kl. 10:20	12	OLD DOGS	kl. 6	L
SHERLOCK HOLMES FORSÝNING	kl. 10:20	VIP	SORORITY ROW	kl. 8 - 10:20	16
WHIP IT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10	THE TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 8	12
BJARNFREÐARSON	kl. 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:30	L			
BJARNFREÐARSON	kl. 5:40 - 8	VIP			
PRINSESSAN OG FROSKURINN m.ísl.tali	kl. 5:50	L			

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

SHERLOCK HOLMES FORSÝNING	kl. 8 - 10:40	12
BJARNFREÐARSON	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
WHIP IT	kl. 8 - 10:20	10
PRINSESSAN OG FROSKURINN m. ísl. tali	kl. 6	L
PRINSESSAN OG FROSKURINN m. ensku tali	kl. 6	L

já
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ -118

SAMbio.is

„Einhvers konar poppsúrrealismi“

● Verk ellefu málara af yngri kynslóðinni verða á sýningunni Ljóslitlífun í Hafnarhúsi

● „Myndmálið kemur innan frá en formmálið tengist myndasögum og teiknimyndum,“ segir sýningarstjóri

Listmálararnir ellefu sem verk eiga á sýningunni *Ljóslitlífun* eiga það sameiginlegt að hafa alist upp við sjónmenningu sem einkennist af myndasögum, teiknimyndum, tölvugrafík og götulist og áhrifa þessarar menningar gætir í verkum þeirra með ýmsum hætti, að sögn sýningarstjórans Hafþórs Yngvasonar, sem jafnframt er forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Þessi einkenni eða áhersla í verkum listmálaranna skilur þá frá fyrri stefnum. Listamennirnir eru Davíð Örn Halldórsson, Gabríela Friðriksdóttir, Guðmundur Thoroddsen, Heimir Björgúlfsson, Helgi Þórsson, Jón Henrysson, Ragnar Jónasson, Sara Riel, Sigga Björg Sigurðardóttir, Sigtryggur Berg Sigmarsson og Þórdís Aðalsteinsdóttir.



Morgunblaðið/Golli

Hafþór og málararnir Safnstjórinn stillti sér upp í gær með listmálurunum sem verk eiga á sýningunni Ljóslitlífun.

Sýning í Nýló kom á óvart

Hafþór segir hugmyndina að sýningunni hafa kviknað hjá sér árið 2007, þegar verk þriggja af málurunum voru á sýningu í Nýlistasafninu. „Þarna var allt í einu málverk uppi á vegg og það er mjög óvenjulegt af þessari kynslóð því langflestir vinna með vídeó, hljóð og tónlist og margir af þessum myndlistarmönnum sem eru á sýningunni vinna þannig líka. Þetta kom mér á óvart og þegar ég fór að sjá fleiri og fleiri listamenn sem voru að mála í sama anda, af sömu kynslóð, þá kviknaði þessi hugmynd.“

Hafþór segir málarana ellefu koma inn með aðrar áherslur en eldri kynslóðir, þótt þeir myndi ekki hreyfingu eða fylgi sameiginlegri stefnu. „Það er auðséð að þau hafa verið að horfa á teiknimyndir og myndasögur, tölvugrafík o.s.frv. þannig að það er mikið unnið með flata litfleti, ótónaða liti, oft hreina og óblandaða liti og dálítið grafískt og dálítið tengt aðferðum popplistamannanna. Nema hvað að þarna er ekki verið að vinna með poppímyndir, ekki verið að fá lánaðar ímyndir úr tímaritum o.s.frv. …“

– Þær koma þá úr eigin hugarheimi?

„… úr eigin hugarheimi og það var dálítið athyglisvert þegar ég var að tala við þau, að öll voru höll undir súrrealismann og þetta er einhvers konar poppsúrrealismi, myndmálið kemur innan frá en formmálið tengist myndasögum og teiknimyndum.“

Hvað efnisval varðar má nefna að sum verkin eru máluð með iðnaðarmálningu á gróf tréspjöld, önnur með listamannableki á fíngerðan pappír og önnur beint á veggi safnsins.

Umbreyting fyrir tilstilli ljóss

Titillinn *Ljóslitlífun* er nýyrði sem varð til með því að snúa öðru atkvæðinu í ljóstillífun svo að úr varð „lit“, eða orðið „litur“ í þolfalli. Titillinn vísar til umbreytingar sem verður fyrir tilstilli ljóss sem má taka sem margræða líkingu fyrir málun. Titillinn kom upp í samræðum Hafþórs við Jón Henrysson, einn listamannanna.


Sýningin verður í þremur sölum safnsins, A, B og C, og verður opnuð kl. 21 annað kvöld. *helgisnaer@mbl.is*

Listamannaspjall 17. jan.

Listasafn Reykjavíkur mun bjóða upp á listamannaspjall tengt sýningunni Ljóslitlífun á sunnudaginn kl. 15. Þá munu Guðmundur Thoroddsen, Heimir Björgúlfsson og Ragnar Jónasson spjalla við gesti og svara spurningum þeirra. Nánar má lesa um dagskrá safnsins, sýningar og listamenn á listasafnreykjavikur.is.



Blastocyst Verk eftir Ragnar Jónasson.



Án titils Verk eftir Sigtrygg Berg.



Solid shiny superb Gegnheill gljáandi yfirburðar, verk eftir Heimi Björgúlfsson.



Europa, Kittycat and Potato Verk eftir myndlistarkonuna Þórdísi Aðalsteinsdóttur.



Lukkuriddarar Málverk eftir listmálarann Jón Henrysson.